

## Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur  
um fulltrúa Íslands á erlendum vettvangi.

1. *Hverjir voru fulltrúar utanríkisþjónustunnar á þingum og fundum Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra, Norður-Atlantshafsbandalagsins, Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Fríverslunarsamtaka Evrópu, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, Norður-skautsráðsins, Barentsráðsins, Norðlægu viddarinnar og NB8 á árinu 2013?*

### 1. Sameinuðu þjóðirnar.

Fundarþátttaka hjá Sameinuðu þjóðunum í New York einskorðast fyrst og fremst við fundi allsherjarþingsins og undirnefnda þess. Auk þess sækja fulltrúar fastanefndar, og fulltrúar að heiman þegar því er að skipta, fundi sem tengjast öðrum málefnum eins og hinum ýmsu mannréttindasamþykktum, hafrétti, umhverfismálum, afvopnunarmálum, Alþjóðlega saka-máladómstólnum (ICC) og loks fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Committee on the Status of Women). Þess ber að geta að allsherjarþingið er sett í september ár hvert og stendur í tólf mánuði til næstu þingsetningar. Fyrstu níu mánuði ársins 2013 stóð 67. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og hið 68. var sett 17. september 2013. Umfjöllun í svarinu tekur mið af þessari aðgreiningu.

Formaður sendinefndar Íslands í almennt umræðu allsherjarþingsins (ráðherravikunni) í september 2013 var Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra. Að ráðherravikunni lokinni fór fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum fyrir sendinefndinni en varafastafulltrúi og sérfræðingar fastanefndar sóttu að jafnaði fundina í undirnefndunum sex. Líkt og önnur ár sótti þjóðréttarfræðingur úr ráðuneytinu fundi um hafréttarmál.

Aðildaríkjafundir þriggja aðþjóðlegra mannréttindasamninga sem Ísland er aðili að voru haldnir í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York árið 2013. Samningarnir sem um ræðir eru samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (CRC), samningur um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW) og alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (ICCPR). Fastafulltrúi Íslands eða starfsmenn fastanefndarinnar sitja þessa fundi.

Þá héldu aðildarríki hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS) árlegan fund í New York og sóttu fulltrúar fastanefndar Íslands ásamt þjóðréttarfræðingi þann fund.

Árið 2013 fór Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, fyrir sendinefndinni á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna. Fundurinn var einnig sóttur af fastanefnd og fulltrúum frá velferðarráðuneytinu, utanríkisráðuneytinu, jafnréttisstofu og frjálsum félags-samtökum.

**a) Störf Íslands á seinni hluta 67. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og á öðrum vettvangi stofnana og nefnda Sameinuðu þjóðanna í New York frá 1. janúar til 17. september 2013.**

### **Öryggisráðið, allsherjarþingið og nefndir þess.**

#### **Öryggisráðið.**

Fastafulltrúi flutti ávörp í reglulegum opnum umræðum í öryggisráðinu um málefni Mið-Austurlanda, 23. janúar, 24. apríl og 23. júní.

Alls voru haldnar átta norrænar ræður í öryggisráðinu, tvisvar um vernd óbreyttra borgara í vopnuðum átökum, um vernd óbreyttra borgara í átökum með sérstaka áherslu á blaðamenn, tvisvar um konur frið og öryggi, um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn átökum tengdum náttúru-auðlindum, um friðargæslu Sameinuðu þjóðanna og um baráttu gegn hryðjuverkum.

Alls var tekið undir níu ræður ESB í öryggisráðinu.

#### **Allsherjarþingið.**

Alls voru 27 allsherjarþingsályktanir samþykktar á tímabilinu. Mesta athygli vakti ályktunin um Sýrland sem lögð var fram þar sem ekki tókst að ná samkomulagi um efnisatriði hennar í öryggisráðinu. Ályktunin var lögð fram af Katar og var hún að miklu leyti byggð á fyrri ályktunum um Sýrland á síðasta allsherjarþingi. Ályktunin var samþykkt með 107 atkvæðum, 12 á móti og 59 sátu hjá.

Tvær norrænar ræður voru haldnar í allsherjarþinginu. Önnur á sérstökum viðburði í tilfni af degi vatnsins um samvinnu um vatn og hin í þemaumræðum um ójafnrétti.

Alls var tekið undir átta ræður ESB í allsherjarþinginu.

#### **Fimmta nefnd: Fjárhags- og stjórnsýslumál.**

Fyrri framhaldsfundur fjárhags- og stjórnsýslunefndar, 5. nefndar, hófst 4. mars og lauk 28. mars. Samþykktar voru ályktanir um áframhaldandi vinnu við mannauðsstjórnunar- og ábyrgðarskyldukerfi Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur var samþykkt ályktun um greiðslu kostnaðar vegna tjóns af völdum óveðursstormsins Sandy. Ekki náðist samstaða um ályktun um skýrslu aðalframkvæmdastjóra um borgaralega þátttöku í sendisveitum Sameinuðu þjóðanna í kjölfar átaka, né heldur um greiðslu kostnaðar fyrir friðargæsluliða.

Seinni framhaldsfundur fjárhags- og stjórnsýslunefndar hófst 6. maí og lauk 27. júní. Verkefni fundalotunnar var að ræða rekstur og samþykkja fjárlög friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna. Alls voru fjárlög 13 friðargæslusveita samþykkt til næstu 12 mánaða. Heildarkostnaður verkefnanna er um 7,15 milljarðar bandaríkjadala.

Alls var tekið undir sex ræður ESB í fimmtu nefnd.

#### **Kosningar.**

Flestar kosningar í Sameinuðu þjóðunum eru á haustin og því lítið um kosningar á seinni hluta allsherjarþingsins. Fastanefndin vann að framboði Íslands til framkvæmdaráðs matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) á vormánuðum, en kosið var á aðalráðstefnu stofnunarinnar í Róm 21. júní. Ríkin fjögur, Frakkland, Ísland, Ítalía og Tékkland, sem voru í framboði fyrir tímabilið 2014–2017 voru öll sjálfkjörin þegar ljóst var að framboðin yrðu ekki fleiri. Kýpur hafði boðað framboð fyrir sama tímabil ef svo færi að landið næði ekki kjöri fyrir tímabilið 2013–2016. Það fór hins vegar þannig að þrátt fyrir að tapa kosningunni fyrir 2013–2016 þá ákvað Kýpur að bjóða sig ekki fram fyrir seinna tímabilið.

Fundur aðildarríkja alþjóðasamningsins um afnám alls kynþáttamisréttis var haldinn 3. júní og voru níu sérfræðingar kjörnir í nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn kynþáttamisrétti. Náðu sérfræðingar frá Alsír, Belgíu, Brasilíu, Írlandi, Líbanon, Míritíus, Pakistan, Tógó og Tyrklandi kjöri.

### **Umhverfismál og sjálfbær þróun.**

#### ***Eftirfylgni með Ríó+20.***

Vinna við eftirfylgni með Ríó+20 ráðstefnunni hófst fyrir alvöru í mars með fyrsta samningafundi vinnuhópsins um gerð markmiða um sjálfbæra þróun (SDG). Þrír aðrir fundir voru haldnir í vinnuhópnum það sem eftir lifði allsherjarþingsins, í apríl, maí, og júní. Vinna hópsins um fjármögnun SDG hófst mun seinna eða ekki fyrir en í lok ágúst.

Fyrsti fundurinn um gerð SDG var mjög almennur með inngangserindum frá sérfræðingum og almennum ávörpum ríkja. Í apríl var hugmyndafræðileg umræða um SDG. Í maí voru umræðuefnin annars vegar fæðuöryggi, landbúnaður, landeyðing og þurrkar og hins vegar hreinlætismál. Mörg málefni voru rædd á júní fundinum, m.a. vinnumarkaðsmál, félagsleg vernd, ungt fólk, menntun, hagvöxtur fyrir alla, heilbrigðismál og fólksfjölgun.

Fundir vinnuhópsins eru opnir öllum aðildarríkjum sem og frjálsum félagasamtökum sem eru viðurkennd af ECOSOC. Ríkin 70 sem skipta með sér 30 sætum í vinnuhópnum hafa forgang að mælendaskránni. Fastanefnd sat allan fundinn í maí en komst ekki á mælendaskrá, til að koma á framfæri sjónarmiðum Íslands, fyrir en í lok dags þegar fundinum átti að vera lokið.

#### ***Reglulega ferlið, World Ocean Assessment.***

Fjórði fundur reglulega ferlisins var haldinn 22.–26. apríl. Rætt var um framvindu mála og niðurstöður vinnufundanna sem haldnir hafa verið sem liður í kynningu og öflun gagna fyrir matið. Kynntar voru niðurstöður frá vinnufundum fyrir Suðvestur-Kyrrahaf, Norður-Atlantshaf, Miðjarðarhaf, Vestur-Indlandshaf og Karíbahaf. Ákveðið var að fyrstu drög að matinu, sem nú er kallað „World Ocean Assessment“, yrðu tilbúin til yfirlestrar fyrir aðildarríkin í júní – ágúst 2014.

#### ***Landgrunnsból.***

Sendinefnd sérfræðinga undir forystu þjóðrættarfræðings utanríkisráðuneytisins kynnti greinargerð um ytri mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna fyrir landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna 31. janúar. Í sendinefndinni voru sérfræðingar starfshóps utanríkisráðuneytisins sem unnu greinargerð Íslands til landgrunnsnefndarinnar. Sendinefndin kom aftur til viðræðna við landgrunnsnefndina í júlí.

### **Mannréttindamál.**

#### ***Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna (CSW).***

Fimmtugasti og sjöundi fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna var haldinn í New York 4.–15. mars. Þema fundarins var „afnám á og forvarnir gegn ofbeldi gegn konum og stúlkum“. Velferðar- og utanríkisráðuneytið stóðu sameiginlega að undirbúningi fundarins og áttu venju samkvæmt samráð við frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum kvenna á Íslandi. Fyrri vikuna tóku fulltrúar Jafnréttisstofu, frjálsra félagasamtaka og Jafnréttisráðs þátt í dagskrá fundarins en fulltrúar utanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis voru þátttakendur síðari vikuna. Fulltrúar fastanefndar voru þátttakendur báðar vikurnar.

Í tengslum við fundinn skipulagði Norræna ráðherranefndin tvo hliðarviðburði. Annars vegar málstofu þar sem ráðherrar jafnréttismála Norðurlandanna eða fulltrúar þeirra fjölluðu um jafnrétti kynjanna á Norðurlöndunum með áherslu á virka þátttöku drengja og karla við að koma í veg fyrir og binda endi á ofbeldi gegn konum og stúlkum. Hins vegar efndi ráðherranefndin til málstofu þar sem sérfræðingar frá Norðurlöndunum fjölluðu um kyngervi, loftslagsbreytingar og líffræðilegan fjölbreytileika. Stígamót og systursamtök þeirra á Norðurlöndunum stóðu fyrir hliðarviðburði um starfsemi sína og hlutverk við að koma í veg fyrir og bregðast við ofbeldi gegn konum.

Fastafulltrúi Íslands flutti tvær ræður sem formaður sendinefndarinnar. Annars vegar ávarp fyrir hönd íslenskra stjórnvalda í almennum umræðum og hins vegar innlegg fyrir hönd Norðurlandanna í pallborðsumræðum.

Þrátt fyrir erfiðar samningaviðræður náðist ásættanleg niðurstaða á fundinum sem m.a. tryggði tilvísun í frjósemisréttindi í fyrsta skipti í kvennanefndinni og með sterku orðalagi um mikilvægi þess að stöðva heimilisofbeldi. Fulltrúar utanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis tóku þátt í samningaviðræðum um lokaskjalið ásamt fulltrúa fastanefndar.

### ***Styrking stofnanakerfis mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna.***

Samningaviðræður um styrkingu stofnanakerfis mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna var haldið áfram á grundvelli ályktunar allsherjarþingsins nr. 66/295 sem felur forseta allsherjarþingsins að framlengja samningaviðræðurnar. Forseti allsherjarþingsins fól fastafulltrúa Íslands og fastafulltrúa Indónesíu að halda áfram að leiða þessar samningaviðræður og voru fundir opnir öllum aðildarríkjum haldnir frá febrúar til og með september. Samningunum miðaði vel áfram og á lokadögum þingsins náðist samkomulag um að framlengja ferlið til febrúar 2014, en í því samkomulagi felst að það verður að ljúka því á þeim tíma.

### **Afvopnunarmál.**

#### ***Vopnaviðskiptasamningurinn (ATT).***

Lokafundur samningaviðræðanna um alþjóðasamning um vopnaviðskipti fór fram 18.–28. mars. Samkomulag náðist um samningstexta sem síðar var lagður fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 2. apríl. Fastafulltrúi flutti ávarp við það tilefni. Alls samþykktu 154 ríki samninginn, þrjú voru á móti og 23 sátu hjá. Fastafulltrúi undirritaði síðan samninginn fyrir Íslands hönd 3. júní og flutti við það tilefni ávarp. Alls voru 61 ríki sem undirrituðu samninginn þann dag. Rétt um mánuði síðar, 2. júlí, fullgilti Ísland samninginn, fyrst allra ríkja.

### **Stofnanir Sameinuðu þjóðanna og þróunarsamvinna.**

#### ***Jafnréttisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UN Women).***

Fastanefnd fylgdist með starfi UN Women og tók þátt í fundi framkvæmdastjórnar stofnunarinnar sem áheyrnarfulltrúi í janúar, júní og september. Fulltrúi ráðuneytisins tók einnig þátt í fundum framkvæmdastjórnarinnar.

Fastanefnd vann áfram að því að afla því fylgis að fagnað yrði með viðeigandi hætti 20 ára afmælis Beijing-framkvæmdaáætlunarinnar.

#### ***Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).***

Fastanefnd fylgdist með starfi UNICEF og tók þátt í fundi framkvæmdastjórnar stofnunarinnar sem áheyrnarfulltrúi. Þrjú fundir voru haldnir í framkvæmdastjórninni, í febrúar, júní og september.

### **Samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.**

#### ***Formennska í hópi Vestur-Evrópu og annarra ríkja (WEOG).***

Ísland fór með formennsku hóps ríkja Vestur-Evrópu og annarra ríkja í júlímánuði en formennsku gegnir hvert ríki hópsins í einn mánuð í senn. Helstu verkefni formennskuríkisins eru að halda utan um framboð ríkjahópsins. Fastafulltrúi vann fyrir hönd hópsins að því að lausn yrði fundin milli svæðahópanna á tilnefningum á formönnum aðalnefnda allsherjarþingsins. Tekist var á um formennsku í annarri nefnd og enginn vildi bjóða sig fram í fimmtu nefnd. Ekki náðist samkomulag í málinu í formennskutíð Íslands.

Fastafulltrúi hélt minningarræðu fyrri hönd hópsins í allsherjarþinginu vegna fráfalls fyrrverandi forseta allsherjarþingsins.

#### ***Norðurlöndin.***

Samstarf Norðurlandanna var hefðbundið á tímabilinu. Fastafulltrúarnir hittust vikulega í fastanefnd Svíþjóðar og varafastafulltrúarnir hittust minnst einu sinni í mánuði. Reglulegir og óreglulegir fundir voru síðan milli sérfræðinga fastanefndanna um hin ýmsu málefni, en þar má nefna málefni allra nefnda allsherjarþingsins, Mið-Austurlönd, Vestur-Sahara, eftirfylgni með Ríó+20, Afríku, UNDP/UNFPA, UNICEF og UN Women. Samtals voru haldnar 16 norrænar ræður, átta í öryggisráðinu, tvær í allsherjarþinginu, ein í UNDP/UNFPA/UNOPS og fimm í Kvennefnd Sameinuðu þjóðanna.

#### ***Evrópusambandið (ESB).***

Fastanefndin sótti vikulega upplýsingafundi ESB fyrir umsóknarríkin Ísland, Makedóníu, Serbíu, Svartfjallaland og Tyrkland, sem haldnir eru strax á eftir vikulegum fundum fastafulltrúa ESB. Á tímabilinu tók Ísland undir 38 ræður ESB.

### **b) Störf Íslands á fyrri hluta 68. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og á öðrum vettvangi stofnana og nefnda Sameinuðu þjóðanna í New York frá 17. september til 31. desember 2013.**

#### **Ráðherravika allsherjarþingsins.**

Sextugasta og áttunda allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna var sett formlega 17. september 2013. Fráfarandi forseta, Vuk Jeremić, fyrrverandi utanríkisráðherra Serbíu, voru þökkud vel unnin störf og nýr forseti, John W. Ashe, fyrrverandi sendiherra og fastafulltrúi Antígva og Barbúda í New York, var boðinn velkominn.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sótti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna við upphaf 68. þingsins í svokallaðri ráðherraviku. Utanríkisráðherra tók þátt í fjölda ráðstefna og funda, m.a. um þróunarsamvinnu og öryggismál. Þá átti ráðherrann fundi með fjölmörgum erlendum ráðamönnum, m.a. utanríkisráðherrum Norðurlandanna, utanríkisráðherra Nýja-Sjálands, Mongólíu, Singapúr og Andorru. Þá undirritaði hann samkomulag við Úkraínu um afnám vegabréfsáritana.

Utanríkisráðherra tók þátt í sérstökum leiðtogafundi um framvindu þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og mótun nýrra þróunarmarkmiða eftir 2015. Hann lagði áherslu á að þótt mikill árangur hafi náðst í baráttu gegn fátækt, í menntamálum og heilbrigðismálum, væri enn mikið verk óunnið. Ríki heims þurfi að sameinast um ný þróunarmarkmið sem byggist á jákvæðum árangri síðustu ára en tryggi jafnframt komandi kynslóðum aukna hagsæld og réttindi.

Utanríkisráðherra sat einnig ráðstefnu um samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnorkuvopn (CTBT) en tilgangur hennar var að hvetja ríki til að gerast aðilar að samningnum og stuðla þannig að friði og afvopnun. Samningurinn var samþykktur af allsherjarþinginu 1996 og var Ísland eitt þeirra ríkja sem undirrituðu hann það ár og fullgiltu árið 2000.

Utanríkisráðherra hélt síðan ræðu á allsherjarþinginu 30. september, en þar hóf hann mál sitt á að fordæma þau hryðjuverk sem nýlega höfðu áttu sér stað í Kenýu, Írak og Pakistan. Hann fordæmdi efnavopnaárásina í Sírlandi og lagði áherslu á að þeir sem stæðu á bak við árásina yrðu dregnir til ábyrgðar fyrir alþjóðlega sakamáladómstólum. Þá gagnrýndi hann sýrlensk stjórnvöld fyrir að hafa ekki uppfyllt skyldur sína gagnvart sýrlenskum borgurum og fagnaði ályktun öryggisráðsins nr. 2118. Þá kallaði hann eftir því að Genfar-yfirlýsingin um friðarumleitunir í Sírlandi verði heiðruð.

Utanríkisráðherra sagði helstu afrek Sameinuðu þjóðanna vera á sviði alþjóðalaga og fagnaði sérstaklega samþykkt vopnaviðskiptasamningsins síðastliðið sumar. Ísland var fyrst ríkja til að fullgilda samninginn og kallaði ráðherra eftir því að öll ríki geri slíkt hið sama svo hann taki gildi án tafar.

Ráðherra sagði virðingu fyrir alþjóðalögum grundvöll samskipta ríkja og að ávallt skuli leita lausna með friðsamlegum hætti. Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna væri gott dæmi um árangursríkan alþjóðasamning í þessu tilliti. Hann gagnrýndi það harðlega þegar deiluaðilar gripa til hótana um þvingunaraðgerðir í stað þess að leita sátta á grundvelli samninga.

Utanríkisráðherra undirstrikaði mikilvægi þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og sagði þau grundvöll stefnu Íslands í þróunarsamvinnu. Þá lagði hann áherslu á að í nýjum þróunarmarkmiðum, sem taka gildi eftir 2015, verði áfram áhersla á upprætingu fátæktar, jafnrétti kynjanna, heilbrigðismál og menntun stúlkna og drengja.

Utanríkisráðherra sagði Ísland hafa mikið fram að færa á sviði landgræðslu, endurnýjanlegrar orku, sjálfbærra fiskveiða og kynjajafnréttis.

Utanríkisráðherra sagði margt ógert í mannréttindamálum. Sagði hann ljóst að þegar fólk fær ekki að njóta skoðanafrelsis og trúfrelsis, og því er jafnvel refsað fyrir kynhneigð eða kynvitund sína, séu alþjóða mannréttindasamningar þverbrotnir. Lýsti hann miklum áhyggjum af nýlegum dæmum um lagasetningu í sumum ríkjum þar sem gengið er gegn grundvallarreglum um jafnræði og tjáningarfrelsi.

Utanríkisráðherra lýsti ánægju sinni með friðarviðræður Ísraels og Palestínu og hrósaði John Kerry fyrir framgöngu sína í málinu. „Við verðum að virða rétt Palestínumanna til sjálfsákvörðunarrettar, en jafnframt rétt Ísraelsríkis til að lifa í sátt og samlyndi við nágrennari ríki sín.“

Utanríkisráðherra gagnrýndi Ísrael fyrir að brjóta alþjóðalög með landtökum á Vesturbakkanum og í Austur-Jerúsalem. Sagði hann tveggja ríkja lausnina vera í hættu ef ekki yrði breyting á. Hann gagnrýndi einnig harðlega Hamas-samtökin og fordæmdi eldflaugaárásir frá Gaza. Í lok ræðu sinnar ræddi utanríkisráðherra um vernd hafsins og Norðurslóðir.

## **Öryggisráðið, allsherjarþingið og nefndir þess.**

### **Öryggisráðið.**

Fastafulltrúi flutti ræðu um ástandið í Mið-Austurlöndum við opnar umræður í öryggisráðinu. Tvær norrænar ræður voru haldnar í ráðinu um konur frið og öryggi og vinnuaðferðir öryggisráðsins. Tekið var undir eina ræðu í öryggisráðinu sem flutt var af fastanefnd ESB.

Sýrland bar hæst í umræðu um alþjóðleg öryggismál í kjölfar efnavopnaárása í landinu auk þess sem átök Mið-Afríkulýðveldinu og Suður-Súdan mögðuðust í árslok.

### **Allsherjarþingið.**

Auk ræðu ráðherra í ráðherravíkunni var haldin ein íslensk ræða í allsherjarþinginu. Þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins flutti ræðu um málefni hafsins og hafréttarmál. Tvær norrænar ræður voru fluttar í allsherjarþinginu um Alþjóðlega sakamáladómstólinn og til minningar um Nelson Mandela. Alls var tekið undir átta ESB-ræður í allsherjarþinginu.

### **Fyrsta nefnd: Afvopnunar- og öryggismál.**

Flestar ályktanir nefndarinnar eru efnislega óbreyttar frá ári til árs. Einungis er um að ræða uppfærslu á dagsetningum og óverulegar orðalagsbreytingar. Óverulegar breytingar urðu á afstöðu og meðflutningi Íslands hvað varðar þessar hefðbundnu ályktanir. Ísland var áfram meðflytjandi að nýrri ályktun frá síðasta allsherjarþingi sem leitast við að brjóta þá kyrrstöðu sem hefur verið á vettvangi afvopnunarviðræðanna í Genf (Conference of Disarmament). Þá var lögð fram ályktun um eftirfylgni við fund háttsettra aðila um kjarnavopn sem reyndist mjög umdeild. Ísland greiddi atkvæði gegn ályktuninni og tók undir atkvæðaskýringu Hollands. Ísland tók undir yfirlýsingu Nýja-Sjálands um hættuna af kjarnorkuvopnum og innlegg Svíþjóðar um mannréttindi á netinu í umræðu um tækniherað. Alls var tekið undir sex ESB-ræður í fyrstu nefnd.

### **Önnur nefnd: Efnahags-, þróunar- og umhverfismál.**

Nefndin lauk störfum 11. desember sem var seinna en ráð var fyrir gert. Eins og hefðbundið er var kosið um nokkrar ályktanir í nefndinni, en allar voru þær samþykktar, Ísland greiddi atkvæði með ályktun um yfirráðarétt Palestínu yfir náttúruauðlindum á palestínskum landsvæðum; kaus með ályktun um olíumengun við strendur Líbanon, greiddi atkvæði með og var meðflytjandi á ályktun Ísrael um tækni í landbúnaði og þróun, og sat hjá við afgreiðslu ályktunar um einhliða pólitískar þvingunaraðgerðir gegn þróunarríkjum. Fastanefnd tók þátt í tveimur óformlegum samningaviðræðum um ályktanir. Sú fyrri var um dag og ár jarðvegs, en ákveðið var að 5. desember væri ár hvert dagur tileinkaður jarðvegsmálum og árið 2015 verði sérstakt ár til þess að vekja athygli á mikilvægi jarðvegs fyrir mannkynið. Seinni ályktunin varðaði framkvæmd sáttmálans um baráttuna gegn eyðimerkurmyndun. Þar lagði Ísland til nýjan texta, sem var samþykktur, um mikilvægi jafnréttis kynjanna og valdeflingu kvenna í tengslum við framkvæmd sáttmálans.

Varafastafulltrúi flutti ávarp í umræðum um sjálfbæra þróun þar sem lögð var áhersla á landgræðslu, málefni hafsins, jafnréttismál og valdeflingu kvenna. Alls var tekið undir sex ESB ræður í annari nefnd.

### **Þriðja nefnd: Félags- og mannréttindamál.**

Nefndin samþykkti alls 70 ályktanir á sviði félags-, mannréttinda- og mannúðarmála. Þorvarður Atli Þórsson sendiráðsritari tók sæti í stjórn nefndarinnar fyrir hönd ríkjahóps Vesturlanda og annara ríkja, en það var í fyrsta skipti sem Ísland átti fulltrúa í stjórn einnar af sex nefndum allsherjarþingsins.

Ísland beitti sér sem fyrir í samstarfi við Norðurlöndin og önnur líkt þenkjandi ríki. Erfiðara var hins vegar um vik að ná samkomulagi um einstaka ályktanir en oft áður, þar á meðal um hefðbundnar ályktanir um réttindi barnsins og skýrslu mannréttindaráðsins.

Ný ályktun var lögð fram af Noregi um vernd til handa þeim sem standa vörð um réttindi kvenna. Hart var tekist á um orðalag hennar, en samstaða náðist þó að lokum. Var því m.a. fagnað af frjálsum félagasamtökum að aðildarríkin hefðu þannig skuldbundið sig til að taka markviss skref til að vernda þá sem berjast fyrir réttindum kvenna.

Þriðja nefndin afgreiddi einnig ályktanir um mannréttindaástandið í Íran, Sírlandi, Norður-Kóreu og Mýanmar, þar sem Ísland var meðflutningsaðili. Líkt og fyrri ár var hart deilt um stöðu mannréttinda í þessum löndum, en sú jákvæða þróun átti sér stað annað árið í röð að ályktanir um ástandið í Mýanmar og Norður-Kóreu voru samþykktar án atkvæðagreiðslu. Einnig tókst að tryggja að áfram yrði vísað til frjósamisréttinda kvenna í ályktun um konur í dreifbýli, sem styrkir enn frekar viðurkenningu þessara réttinda.

Ísland flutti þrjár ræður í þriðju nefnd, um jafnréttismál, um réttindi barna og um réttinn til sjálfsákvörðunar og baráttuna gegn kynþáttamisrétti. Einnig fluttu Norðmenn fyrir hönd Norðurlandanna ræðu um málefni frumbyggja. Alls var tekið undir fjórar ESB-ræður í þriðju nefnd og fluttar tvær sameiginlegar atkvæðaskýringar með Noregi, Sviss og Liechtenstein.

#### ***Fjórdða nefnd: Sérstaka stjórn mála- og nýlendunefndin.***

Fastafulltrúi hélt eina ræðu í fjórðu nefnd um aðstoð fyrir palestínska flóttamenn. Af níu ályktunum sem samþykktar voru og vörðuðu Palestínu, greiddi Ísland sem fyrr atkvæði með átta ályktunum en sat hjá við atkvæðagreiðslu um ályktun um vinnu rannsóknarnefndar um aðgerðir Ísraelsmanna sem hafa áhrif á mannréttindi Palestínusinna. Atkvæði falla yfirleitt á svipaðan hátt frá ári til árs. Fjórdða nefndin ræddi einnig málefni nýlendna og sjálfstjórnarsvæða eins og venja er (t.d. málefni Vestur-Sahara og Gíbraltar), sem og hefðbundnar ályktanir um friðsamlegt samstarf í geimnum og upplýsingastarf Sameinuðu þjóðanna. Alls var tekið undir fimm ESB-ræður í fjórðu nefnd.

#### ***Fimmta nefnd: Fjárhags- og stjórnsýslumál.***

Samkomulag um fjárlög Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2014–2015 náðist ekki fyrir en 27. desember en það hefur ekki gerst áður að ekki hafi tekist að ná samkomulagi fyrir aðfangadagskvöld. Fjárlögin voru ákveðin samtals 5.530.349.800 Bandaríkjadalir fyrir tímabilið. Upphæðin er 126,35 milljónum hærri en fjárlögin sem aðalframkvæmdastjóri lagði til fyrir um haustið, en 34,72 milljónum lægri en lokafjárlög síðasta tímabils.

Hart var tekið á í umræðum í nefndinni um endurskoðun fjárlaga með tilliti til verðbólgu og sveiflur í verði gjaldmiðla. Þróuðu ríkin sögðu það óábyrgt að hækka fjárlögin þegar flest ríki heims væru að hagræða í eigin ríkisfjármálum, en þróunnarríkin sögðu niðurskurðinn vera skaðlegan verkefnum stofnunarinnar sem kæmi niður á fátækum íbúum þeirra.

Ekki tókst að ná samkomulagi um tillögu aðalframkvæmdastjórans um að stofnuð yrði sérstök deild til að sjá um samstarf Sameinuðu þjóðanna við einkageirann og félagasamtök. Samkomulag náðist heldur ekki um nýtt mannauðsstjórnunarkerfi fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

Ísland tók undir átta ESB-ræður. Aðeins þurfti að greiða atkvæði um einn kafla í einni ályktun. Kaflinn varðaði vernd óbreyttra borgara í átökum og greiddu sjö ríki atkvæði gegn kaflanum en hann var samþykktur með 136 atkvæðum en átta ríki sátu hjá, Ísland greiddi atkvæði með kaflanum. Ályktunin sjálf var afgangsgreidd án atkvæðagreiðslu.

#### ***Sjötta nefnd: Þjóðréttarmál.***

Hin árlega skýrsla alþjóðalaganefndarinnar skapaði að vanda stóran sess í nefndarstörfunum. Aðrir hefðbundnir liðir voru störf alþjóðaviðskiptalaganefndarinnar og umfang og beiting alheimslögsögu. Mestur tími þjóðréttarsérfræðinga fór í umfjöllun um Alþjóðlega sakamáladómstólinn. Nokkurrar ólgu gætti meðal aðildarríkja Rómarsáttmálans í tengslum við ákæru á hendur þjóðarleiðtoga Keníu. Í nefndinni voru fluttar sex norrænar ræður og tekið undir þrjár ESB-ræður.



**Kosningar.**

Að venju kaus allsherjarþingið ríki til setu í efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC), mannréttindaráðið og öryggisráðið. Sádi-Arabía, sem var ein í framboði í sæti Asíu í öryggisráðinu, náði kosningu. Sádi-Arabía gagnrýndi ráðið fyrir að sinna ekki hlutverki sínu í Miðausturlöndum og tilkynnti að landið mundi ekki taka sæti í ráðinu. Þetta leiddi til þess að kjósa þurfti aftur. Var Jórdanía þá kosin en landið var eitt í framboði. Sádi-Arabía fór þá í framboð í stað Jórdaníu til mannréttindaráðsins. Fastanefnd vann að framboði Tómasar Heiðar í Alþjóðlega hafréttardóminn en dómarakjörið fer fram á fundi aðildarríkja hafréttarsamningsins í júní 2014.

**Umhverfismál og sjálfbær þróun.****Landgrunnsmál.**

Sérfræðinganevnd um kröfu Íslands um ytri mörk landgrunnsins, undir forystu þjóðréttarfræðings utanríkisráðuneytisins, átti fund um greinargerð um ytri mörk landgrunns Íslands utan 200 sjómílna með landgrunnsefnd Sameinuðu þjóðanna í nóvember.

**Mannréttindamál.****Styrking stofnanakerfis mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna.**

Samningaviðræðum um styrkingu stofnanakerfis mannréttindasamninga Sameinuðu þjóðanna var haldið áfram á grundvelli ályktunar allsherjarþingsins nr. 68/2 frá september 2013 sem fól forseta allsherjarþingsins að framlengja samningaviðræðurnar fram til febrúar 2014. Forseti allsherjarþingsins fól fastafulltrúa Íslands og fastafulltrúa Túnis í kjölfarið að leiða samningaviðræðurnar til lykta en fastafulltrúi Íslands hafði leitt viðræðurnar frá upphafi með fastafulltrúa Indónesíu sem gaf ekki kost á sér aftur. Fundur var haldinn í desember til að kynna starfsáætlun ferlisins og einnig var skýrsla um fjárhagsstöðu kerfisins kynnt aðildarríkjunum en óskað var eftir slíkri skýrslu í ályktuninni frá því í september.

**Sendinefnd Íslands og starfsfólk fastanefndarinnar.****Sendinefnd Íslands á 68. allsherjarþinginu.**

Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra, formaður,  
 Gréta Gunnarsdóttir, fastafulltrúi, varaformaður,  
 Einar Gunnarsson, ráðuneytisstjóri,  
 Hermann Örn Ingólfsson, sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs,  
 Jón Erlingur Jónasson, varafastafulltrúi,  
 Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur,  
 María Mjöll Jónsdóttir, sendiráðsritari,  
 Þorvarður Atli Þórsson, sendiráðsritari,  
 Kristín Eva Sigurðardóttir, sendiráðsfulltrúi,  
 Halla Tinna Arnardóttir, starfsnemi,  
 Thor H. Thors, ráðgjafi,  
 Fríða Kristinsdóttir, ritari og skjalavörður,  
 Kolbrún Ýrr Rolandsdóttir, ritari,  
 Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður, Samfylkingu,  
 Sigrún Magnúsdóttir, þingmaður, Framsóknarflokkki,  
 Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður, Framsóknarflokkki,  
 Jón Gunnarsson, þingmaður, Sjálfstæðisflokkki.

*Starfsfólk fastanefndar í New York.*

Gréta Gunnarsdóttir, sendiherra, fastafulltrúi,  
 Jón Erlingur Jónasson, sendifulltrúi, varafastafulltrúi,  
 María Mjöll Jónsdóttir, sendiráðsritari,  
 Þorvarður Atli Þórsson, sendiráðsritari,  
 Kristín Eva Sigurðardóttir, sendiráðsfulltrúi,  
 Fríða Kristinsdóttir, ritari og skjalavörður (í leyfi frá 1. október 2013),  
 Kolbrún Ýrr Rolandsdóttir, ritari og skjalavörður,  
 Halla Tinna Arnardóttir, starfsnemi,  
 Herculano Sabas, bifreiðarstjóri.

## **2. Undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna.**

### **a) Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna.**

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna fundar í Genf og kemur saman á þremur reglulegum fundum ár hvert. Mannréttindaráðið skipa 47 ríki sem kosin eru til setu í ráðinu til þriggja ára á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna Ísland situr ekki í ráðinu en getur hins vegar, líkt og önnur aðildarríki, setið fundi ráðsins, tekið þar til máls og stutt tillögur til ályktana ráðsins.

Þátttaka Íslands á fundum ráðsins var með hefðbundnu sniði árið 2013. Fastanefndin í Genf sótti fundi ráðsins en einnig sat sérfræðingur alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins hluta fundanna.

### **b) UNESCO.**

Aðalráðstefnur UNESCO fara fram á tveggja ára fresti. Árið 2013 fór 37. aðalráðstefna UNESCO fram og fór Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra fyrir íslensku sendinefndinni. Auk hans voru skráðir í sendinefnd fastafulltrúi, ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytis, formaður UNESCO-landsnefndarinnar og varafastafulltrúi. Að auki sóttu sex fulltrúar úr landsnefndinni fundinn en þeir sóttu m.a. fundi menningarmálanefndar, menntamálanefndar, vísindanefndar, fjölmiðla- og upplýsinganefndar, sem og fjármálanefndar, heimsminjanefndar og Youth Forums.

### **c) Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).**

Fastanefndin í Genf sinnir stuðningshlutverki, upplýsingamiðlun og tengslamyndun en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

### **d) Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO).**

Fastanefndin í Genf sinnir stuðningshlutverki, upplýsingamiðlun og tengslamyndun en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

### **e) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).**

Fastanefndin í Genf sinnir stuðningshlutverki, upplýsingamiðlun og tengslamyndun en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

### **f) Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).**

Fastanefndin í Genf sinnir stuðningshlutverki, upplýsingamiðlun og tengslamyndun en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

**g) Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).**

Fastanefndin í Genf sinnir stuðningshlutverki, upplýsingamiðlun og tengslamyndun en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

**h) Alþjóðafjarskiptabandið (ITU).**

Fastanefndin í Genf sinnir stuðningshlutverki, upplýsingamiðlun og tengslamyndun en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

**i) Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).**

Fastanefndin í Genf sinnir stuðningshlutverki, upplýsingamiðlun og tengslamyndun en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

**j) UNCTAD.**

Fastanefndin í Genf sinnir stuðningshlutverki, upplýsingamiðlun og tengslamyndun en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

**k) Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna (ECE).**

Fastanefndin í Genf sinnir stuðningshlutverki, upplýsingamiðlun og tengslamyndun en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

**l) FAO.**

Aðalráðstefnur FAO fara fram á tveggja ára fresti. Árið 2013 fór 37. aðalráðstefna FAO fram og fór fulltrúi frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu fyrir íslensku sendinefndinni. Sendinefndina skipuðu fastafulltrúi gagnvart FAO í sendinefndinni, skrifstofustjóri frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og deildarstjóri og sérfræðingur frá deild auðlinda- og umhverfismála í utanríkisráðuneytinu. Einnig eru sóttir fundir fiskimálanefndar FAO (Committee on Fisheries, COFI) en fundir hennar eru haldnir það ár sem ekki er aðalráðstefna FAO. Fundinn sækja að jafnaði, auk fastafulltrúa, 1–2 sérfræðingar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og alþjóða- og öryggisskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

**m) WFP.**

Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna er í Róm og kemur framkvæmdastjórn hennar saman þrisvar á ári, þar sem einn fundanna er aðalfundur. Framkvæmdastjórnina skipa 36 ríki sem kosin eru til setu til þriggja ára í senn. Ísland situr ekki í ráðinu en getur hins vegar, líkt og önnur aðildarríki Sameinuðu þjóðanna setið fundi stórnarinnar sem áheyrnaraðili. Yfirmaður friðargæslu utanríkisráðuneytisins sótti aðalfundinn árið 2013 auk fastafulltrúa gagnvart FAO.

**n) ICAO.**

Sendiráðið í London sinnir stuðningshlutverki en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

**o) IMO.**

Sendiráðið í London sinnir stuðningshlutverki en meginreglan er að ársfundir eru sóttir af fagráðuneytum eða undirstofnunum.

### 3. Atlantshafsbandalagið.

Í Atlantshafsbandalaginu (NATO) eru ákvarðanir teknar af fastaráði bandalagsins þar sem fastafulltrúar ríkjanna, sendiherrar, sitja. Fundirnir eru sóttir af fastafulltrúa Íslands eða staðgengli hans. Fastaráðið fundar einnig 2–3 sinnum á ári með þátttöku varnarmálaráðherra og tvisvar árlega með þátttöku utanríkisráðherra. Hermálanefnd bandalagsins er fastaráðinu til ráðgjafar og situr hermálafulltrúi Íslands þá fundi auk þess sem hann sækir fundi í Evrópuherstjórn NATO (SHAPE).

Ákvarðanir fastaráðsins eru undirbúnar af ýmsum undirnefndum eftir því um hvaða mála-flokk er að ræða, auk fjölmargra vinnuhópa, bæði á hermálasviðinu og pólitíska sviðinu. Fastanefnd Íslands sækir þær nefndir og vinnuhópa sem skipta mestu máli fyrir íslenska hagsmuni og ákvarðanatöku og forgangsraðar fundasókn með það í huga. Útilokað er að sækja nema hluta nefnda og vinnuhópa bandalagsins.

Auk fastaráðsins eru eftirfarandi nefndir og vinnuhópar sem fulltrúar fastanefndar hafa sótt fundi reglulega í, árið 2013:

- Nefnd varafastafulltrúa.
- Sérstök ráðgjafarnefnd um vopnatakmarkanir og afvopnunarmál (Special Advisory and Consultative Arms Control, Disarmament and Non-Proliferation Committee) – sótt af varafastafulltrúa.
- Undirbúningsfundir í NATO-Rússlandsráðinu (NATO Russia Council), NATO-Georgíunefndinni (NATO Georgia Commission) og NATO-Úkraínunefndinni (NATO Ukraine Commission) – sóttir af fulltrúa fastanefndarinnar. Nefndirnar og ráðið funduðu einnig á vettvangi sendiherra.
- Nefnd um afvopnunarmál (High Level Task Force on Conventional Arms Control) – sótt af varafastafulltrúa.
- Nefnd um kjarnorkumál (Nuclear Planning Group) – sótt af varafastafulltrúa.
- Aðgerðarnefnd bandalagsins (Operation Policy Committee) sem fjallar um aðgerðir bandalagsins í Afganistan, Kósóvó o.fl – sótt af fulltrúa fastanefndarinnar.
- Pólitísku samstarfsnefnd bandalagsins (Political and Partnership Committee) sem fer fram pólitískt samráð og samstarf við ríki utan bandalagsins – sótt af fulltrúa fastanefndarinnar.
- Hermálanefnd (Military Committee) – sótt af hermálafulltrúa.
- Nefnd fulltrúa hermálayfirvalda hjá Evrópuherstjórn NATO í Mons (SHAPE NMR Committee) – sótt af hermálafulltrúa/fulltrúa í Mons.
- Í ágúst 2013 tók til starfa viðbótafulltrúi í fastanefnd sem ætlunin er að sinni einkum mannvirkja- og fjárhagsmálefnum sem varða hagsmuni Íslands í bandalaginu. Frá þeim tíma hafa verið sóttir fundir í fjárfestinganefnd og fjárhagsnefnd bandalagsins, svo og stjórnarnefnd mannvirkjamála (Investment Committee, Budget Committee, Resource Policy and Planning Board).

Á árinu 2013 var starfsemi Atlantshafsbandalagsins venjubundin, fram fóru um 50 formlegir fundir fastaráðsins með þátttöku fastafulltrúanna, en að auki óformlegir fundir 3–4 sinnum í mánuði, ásamt fundum þess með samstarfsríkjum bandalagsins í ýmsu formi (m.a. NATO-Rússlandsráð, NATO-Georgíunefnd, NATO-Úkraínunefnd, ISAF, Miðjarðarhafssamráð, Istanbúlsamstarfið og samráðsfundir með öryggis- og varnarmálasendiherrum ESB). Hermálanefnd fundar um 100 sinnum á ári, formlega og óformlega. Fimm fundir fóru fram á ráðherrastigi. Utanríkisráðherra sótti utanríkisráðherra fund í desember en fastafulltrúi sat þrjá fundi varnarmálaráðherra fyrir hönd utanríkisráðherra og aprílfund utanríkisráðherranna.

#### 4. Alþjóðaviðskiptastofnunin.

Æðsta vald í málefnum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) er í höndum ráðherra-  
stefnu samtakanna, sem að jafnaði kemur saman annað hvert ár. Dagleg verkefni stofnunar-  
innar eru hins vegar í höndum þriggja nefnda sem allar eru jafnsettar og eru skipaðar fasta-  
fulltrúum allra aðildarríkja hennar. Þessar nefndir eru: aðalráð WTO, nefnd um lausn deilu-  
mála og nefnd um endurskoðun viðskiptastefnu. Undir aðalráði WTO starfa síðan nokkrar  
undirnefndir, þeirra á meðal eru vöruviðskiptaráðið, þjónustuviðskiptaráðið og hugverka-  
ráðið. Þá stýrir sérstök aðalsamninganefnd Doha-viðræðulotunni svonefndu og undir henni  
starfa síðan samninganefndir um einstök málefnasvið Doha-lotunnar, þar á meðal um vöru-  
viðskipti, landbúnað og þjónustuviðskipti. Þessu til viðbótar starfa sérstakar nefndir sem ann-  
ast framkvæmd einstakra samninga WTO, t.d. landbúnaðarsamnings WTO, samningsins um  
opinber innkaup, samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra- og planta o.s.frv.

Áttunda ráðherrastefna WTO var haldin á Balí í desember 2013 og fór fastafulltrúi  
Íslands gagnvart stofnunni fyrir sendinefnd Íslands. Aðalráðið hélt átta fundi árið 2013,  
nefndin um lausn deilumála fundaði þrettán sinnum og fimmtán fundir voru haldnir í nefnd-  
inni um endurskoðun viðskiptastefnu. Vöruviðskiptaráðið fundaði fjórum sinnum árið 2013,  
þjónustuviðskiptaráðið þrisvar og sömu sögu er að segja um hugverkaráðið. Aðalsamninga-  
nefnd Doha-lotunnar fundaði tvisvar á árinu. Þá eru hér ekki taldir fundir nefnda þeirra sem  
starfa á grundvelli einstakra samninga WTO eða fundir í öðrum vinnuhópum og starfsnefnd-  
um stofnunarinnar. Fastanefndin sækir fundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar en sökum um-  
fangs starfsemi stofnunarinnar er nauðsynlegt að forgangsraða þátttöku Íslands á þessum  
fundum og er þar einkum lögð áhersla á að sækja þá fundi þar sem fjallað er um málefni sem  
Ísland kann að hafa beina hagsmuni að eða varða mikilsverð stefnumál Íslands í alþjóða-  
viðskiptum.

#### 5. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).

Æðsta stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) er ráð samtakanna (EFTA-ráðið).  
Ráðið fundar að jafnaði tíu sinnum á ári, þar af tvisvar sinnum á ráðherrastigi. Utanríkis-  
ráðherra sótti báða fundi ráðsins á ráðherrastigi árið 2013. Að öðru leyti situr fastafulltrúi  
Íslands fundi ráðsins eða staðgengill hans eftir atvikum. Undir ráðinu starfa nokkrar undir-  
nefndir, þ.m.t. nefnd um þriðjulandasamskipti EFTA og fjárhagsnefnd samtakanna. Fasta-  
nefndin og eftir atvikum sérfræðingar frá utanríkisráðuneytinu sitja framangreinda fundi.

Til viðbótar við fundi stofnanna EFTA eru haldnir fjölmargir samningafundir með þeim  
ríkjum sem EFTA á í fríverslunarviðræðum við, undirbúningsfundir með þeim ríkjum sem  
EFTA hefur í hyggju að hefja slíkar viðræður við eða fundir í sameiginlegum nefndum EFTA  
og samstarfsríkja þess sem stofnað hefur verið til á grundvelli fríverslunarsamninga eða sam-  
starfsyfirlýsingar EFTA við viðkomandi ríki. Fastanefndin tekur þátt í samningafundum og  
öðrum fundum með samstarfsríkjum EFTA fyrir hönd Íslands en einnig kemur fyrir að slíkir  
fundir séu sóttir af sérfræðingum frá utanríkisráðuneytinu og jafnvel fleiri ráðuneytum (t.d.  
atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu).

#### 6. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD).

Alls starfa um 250 nefndir á vettvangi OECD og tekur Ísland ekki þátt í nema litlum hluta  
þeirra. Á hverju ári sækja um 40.000 fulltrúar frá stjórnslu OECD aðildarríkja nefndar-  
fundi. Árið 2013 tók Ísland þátt í 167 fundum í OECD af 1.862 fundum sem haldnir voru.  
Alls var starfsfólk í fastanefnd skráð 85 sinnum á fundi og aðrir íslenskir fulltrúar voru skráð-  
ir 164 sinnum. Á suma fundi eru fleiri en einn einstaklingur skráður. Athygli er vakin á því

að árið 2013 voru þrjú embættismenn að störfum við sendiráð Íslands í París, sem er m.a. fastanefnd gagnvart OECD, en fækkaði í tvo frá og með hausti 2014.

OECD-ráðið (Council) fer með æðsta ákvörðunarvald innan stofnunarinnar. Ráðherraráðið kemur saman á vori hverju en þess á milli sitja fastafulltrúar eða aðrir fulltrúar fastanefnda fundi OECD-ráðsins. Árið 2013 sótti enginn íslenskur ráðherra OECD-ráðherraráðsfundinn þar sem fundurinn átti sér stað örfáum dögum eftir myndun nýrrar ríkisstjórnar. Fastafulltrúi fór því fyrir íslensku sendinefndinni en að auki sóttu ráðherraráðsfundinn sérfræðingur úr fjármála- og efnahagsráðuneyti, varafastafulltrúi og sendifulltrúi í utanríkisráðuneytinu sem fer með málefni OECD. Sami hópur sótti einnig OECD Forum sem var haldið daginn áður en ráðherrafundurinn hófst.

Alls voru 14 hefðbundnir ráðsfundir haldnir árið 2013 og 10 viðbótarfundir. Þessir fundir voru sóttir af fastafulltrúa eða varafastafulltrúa. Í einu tilviki sótti ráðsfund sendiráðunautur sem jafnframt sinnti öðrum verkefnum í sendiráðinu.

Þrjú fastanefndir starfa undir ráðinu (standing committees).

- Framkvæmdanefnd OECD (Executive committee) er skipuð varafastafulltrúum og eru þar ákvarðanir fyrir ráðið undirbúnar. Alls voru haldnir 14 fundir í framkvæmdanefnd og sótti varafastafulltrúi 12 þeirra.
- Fjármálanefnd (Budget committee) en vegna manneklu er að jafnaði er ekki kostur á að sækja fundi þeirrar nefndar sem hélt 20 fundi á árinu en varafastafulltrúi sótti einn fund.
- Nefnd sem fjallar um samstarf OECD við önnur ríki (External Relations committee). Vegna manneklu er að jafnaði sömuleiðis ekki kostur á að sækja fundi þeirrar nefndar. Árið 2013 kom nefndin 11 sinnum saman og sat sendiráðsritari einn fund.

Utanríkisráðuneytið fer með fyrirsvar gagnvart þremur nefndum til viðbótar í OECD:

- Þróunarsamvinnunefnd OECD hélt 15 reglubundna fundi og tók Ísland þátt í 11 þeirra. Varafastafulltrúi sótti fimm þeirra, sendiráðsritari þrjú og starfsfólk frá þróunarsamvinnusviði í Reykjavík sex fundi. Til viðbótar var haldinn fundur háttsettra embættismanna sem var sóttur af sviðsstjóra þróunarsamvinnu í utanríkisráðuneytinu, framkvæmdastjóra þróunarsamvinnustofnunar og varafastafulltrúa. Þá voru haldnir fjölmargir fundir í undirhópum DAC, t.d. um hagtolur, umhverfismál, jafnréttismál og fleira og einnig upplýsingafundir um ákveðin málefni. Ísland sótti Global Forum on Development, starfsmaður þróunarsviðs sótti tvo fundi í vinnuhópi um hagtolur í þróunaraðstoð, einn fund um mat á þróunaraðstoð og einn fund um umhverfismál í þróunaraðstoð.
- Fjárfestingarnefnd OECD fundaði fjórum sinnum á árinu og voru tveir fundir sóttir af sendifulltrúa sem fer með málefni OECD í utanríkisráðuneytinu.
- Tveir fundir voru haldnir í viðskiptanefnd OECD og voru báðir fundirnir sóttir af umræddum sendifulltrúa.

Þá má nefna að árið 2013 var haldin fyrirtaka á stöðu efnahagsmála á Íslandi í nefnd sem undirbýr efnahagsúttektir á aðildarríkjum OECD. Þann fund sóttu fastafulltrúi, varafastafulltrúi og sendifulltrúi sem fer með málefni OECD í utanríkisráðuneytinu, og fulltrúar frá fjármála- og efnahagsráðuneyti sem og Seðlabanka Íslands. Að auki má nefna að sendiráðsritari sótti tvo fundi á vegum efnahagsnefndar OECD.

## 7. Norðurskautsráðið.

Fundahald Norðurskautsráðsins er með þeim hætti að annað hvert ár eru haldnir ráðherra-fundir í því landi sem fer með formennsku í ráðinu og um leið verða formennskuskipti. Fundir í vinnuhópum og verkefnahópum fara fram í einhverju hinna átta aðildarríkja ráðsins.

Á árinu 2013 sótti skrifstofustjóri alþjóða- og öryggisskrifstofu utanríkisráðuneytisins ráðherrafund Norðurskautsráðsins í Kiruna í Svíþjóð. Sendinefndina skipuðu einnig sendiráðunautur og sérfræðingur í málefnum norðurslóða frá sömu skrifstofu.

Embættismannanefnd ráðsins fundar haust og vor, en undirbúningsfundum er gjarnan bætt við í aðdraganda ráðherrafundar. Utanríkisráðuneytið skipar fulltrúa í embættismannanefndina, svonefndan „Senior Arctic Official“. Á árinu 2013 sóttu tveir fulltrúar frá alþjóða- og öryggismálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins hvorn fundinn.

Einn fulltrúi utanríkisþjónustunnar sækir fundi eins af sex vinnuhópum Norðurskautsráðsins: Vinnuhóps um sjálfbæra þróun (SDWG). Þeir fundir eru oft haldnir samhliða fundum í embættismannanefndinni. Sendiráðunautur og sérfræðingur frá alþjóða- og öryggismálaskrifstofu sóttu þessa fundi sem voru haldnir bæði fyrri hluta árs og seinni.

Ýmsir verkefnahópar (Task Forces) starfa einnig á vegum Norðurskautsráðsins um lengri eða skemmri tíma og eru fundir þeirra tíðari. Þessir hópar eru:

- Verkefnahópur um styrkingu Norðurskautsráðsins (Task Force on Institutional Issues) lauk sínu starfi á árinu 2013. Jónas Gunnar Allansson sendiráðunautur sat þá tvo fundi sem haldnir voru.
- Verkefnahópur um stofnun viðskiptavettvangs á norðurslóðum (Task Force to Facilitate the Creation of a Circumpolar Business Forum) fór í gang með formennsku Kanada. Fyrsti fundur fór fram í Reykjavík og hann sátu fulltrúi Íslands í embættismannanefnd Norðurskautsráðsins, sérfræðingur í málefnum Norðurslóða, sendiherra á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, og sendiráðunautur á viðskiptaskrifstofu ráðuneytisins. Þá fundi verkefnahópsins sem haldnir voru erlendis sóttu aðeins fulltrúi Íslands í embættismannanefnd Norðurskautsráðsins og sérfræðingur í málefnum Norðurslóða.
- Verkefnahópur um bætt vísindasamstarf á norðurslóðum (Scientific Cooperation Task Force) hóf einnig störf með nýrri formennsku. Þá fundi hefur fulltrúi Íslands í embættismannanefnd Norðurskautsráðsins sótt.
- Fyrsti fundur verkefnahóps um minnkun útblásturs sóts og metans (Task Force on Black Carbon and Methane) var haldinn í Stokkhólmi og sendiráðunautur í sendiráði Íslands, sótti þann fund.

## 8. Barentsráðið.

Embættismannafundur (Committee of Senior Officials) hittist fjórum sinnum (sem er venjan á hverju ári). Fundir voru haldnir dagana 3.–4. júní, 4.–5. september, 8.–9. október og 12.–13. desember. Fundina sótti sérfræðingur á umhverfis- og auðlindaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Einn fundur var sóttur af fulltrúa sendiráðsins í Osló. Forsætisráðherrar hittust á 20 ára afmæli 3.–4. júní. Fundinn sóttu forsætisráðherra, aðstoðarmaður hans, ráðgjafi forsætisráðherra í utanríkismálum og sérfræðingur á umhverfis- og auðlindaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðherrar ríkja Barentsráðsins hittust á fundi 8.–9. október. Fundinn sóttu utanríkisráðherra, aðstoðarmaður, skrifstofustjóri alþjóða- og öryggisskrifstofu og sérfræðingur á sömu skrifstofu.

## 9. Norðlæga víddin.

Norðlæga víddin er samráðsvettvangur ESB, Íslands, Noregs og Rússlands. Markmið samráðsins og stefnu Norðlægu víddarinnar er að vinna að verkefnum í norðvestur Rússlandi einkum á sviði umhverfisverndar, t.d. hvað varðar kjarnorkuúrgang og fjárfestingar í innviðum, fyrst og fremst í Rússlandi. Innan Norðlægu víddarinnar eru fjórir verkefnahópar

(partnerships) sem hafa séráherslur og skiptast þeir í lýðheilsu og velferðarmál, flutninga- og samgöngur, umhverfismál og menningu. Fulltrúar utanríkisþjónustunnar sækja ekki fundi verkefnahópanna.

Utanríkisráðherrafundir eru að jafnaði haldnir á tveggja til tveggja og hálfis árs fresti og fundir aðstoðarráðherra eru einnig haldnir annað hvert ár. Undirnefnd embættismanna fundar að meðaltali tvisvar á ári, auk undirbúningsfunda í tengslum við fundi aðstoðarráðherra og utanríkisráðherra. Einn fulltrúi Íslands sækir að jafnaði undirnefndarfundi en tveir til þrjú aðstoðar- og utanríkisráðherrafund.

Á árinu 2013 fór fram utanríkisráðherrafundur í Brussel 18. febrúar. Fulltrúar Íslands þar voru utanríkisráðherra, aðstoðarmaður, skrifstofustjóri alþjóða- og öryggisskrifstofu, staðgengill sendiherra gagnvart Evrópusambandinu og sendiráðunautur í sendiráði Íslands í Brussel.

Fundir undirnefndar voru þrjú á árinu. sendiráðunautar á alþjóða- og öryggisskrifstofu sátu fundina sem haldnir voru í Brussel 1. febrúar og í Reykjavík 13. júní. Þá sótti sendiráðunautur á alþjóða- og öryggisskrifstofu slíkan fund í Ósló 18. desember.

## 10. NB8.

Óformlegt samstarf NB8-landanna hófst snemma á tíunda áratugnum, en frá 2000 hefur þetta samstarf farið fram undir samnefnaranum NB8 (norrænu löndin fimm og Eystrasaltslöndin þrjú). Um er að ræða svæðisbundið samstarf milli ráðherra og embættismanna, sem er óformlegs eðlis, undir samstarfið heyrir hvorki sérstök skrifstofa né undirstofnanir. Löndin skiptast á um að leiða samstarfið og ákveða áherslur þess, til árs í senn. Árið 2013 fóru Svíar með formennsku. Eistar leiða samstarfið árið 2014 og Danir taka við keflinu árið 2015. Samráðið er ekki bundið við utanríkismál eingöngu, heldur funda ráðherrar og embættismenn annarra hérlendra ráðuneyta einnig með kollegum frá Norður- og Eystrasaltslöndunum.

Á fundum er snúa að utanríkismálum eru rædd þau málefni sem eru efst á baugi hverju sinni auk þeirra áherslna sem formenskulandið hefur valið að setja á oddinn, m.a. samráð um varnar- og öryggismál og samstarf sendiráða. Auk þess hitta og funda NB8 löndin með öðrum ríkjum og í tengslum við aðra alþjóðlega fundi eða alþjóðasamstarf, eftir atvikum. T. d. hafa utanríkisráðherrar NB8-ríkjanna fundað árlega með ráðherrum Visegrad-ríkjanna (V4), svonefndu, þ.e. Tékklandi, Slóvakíu, Póllandi og Ungverjalandi.

Á sviði utanríkismála eru fjórir stærri fundir sem vert er að nefna (high-level): árlegur fundur utanríkisráðherra, árlegur fundur varnarmálaráðherra, árlegur fundur ráðuneytisstjóra og árlegur fundur yfirmanna pólitískra málefna (pólsjeffa). Ráðherra sótti fund utanríkisráðherra NB8- og V4-ríkjanna og NB8-utanríkisráðherrafund, ráðuneytisstjóri sótti fund varnarmálaráðherra í fjarveru utanríkisráðherra.

Að auki er fjöldi funda á lægri stigum, þar sem embættismenn og/eða sérfræðingar sækja fundi um málefni er tengjast þeirra sérfræðisviði. Fer efni fundanna eftir áherslum í samstarfinu hverju sinni en sem dæmi um slíka fundi árið 2013 má nefna sérfræðingafundi um netöryggi, vopnastjórnun og upplýsingamiðlun.

Árið 2013 sóttu eftirtaldir fundi á vettvangi NB8.

- Fundur utanríkisráðherra NB8 og V4 ríkjanna, Gdansk, 20. febrúar 2013: Utanríkisráðherra, skrifstofustjóri alþjóða- og öryggisskrifstofu og aðstoðarmaður ráðherra.
- Fundur yfirmanna utanríkispólitískra málefna NB8, 13.–14. febrúar 2013: Skrifstofustjóri alþjóða- og öryggisskrifstofu.
- Fundur utanríkisráðherra, Visby, 2.–3. september 2013: Utanríkisráðherra, skrifstofustjóri alþjóða- og öryggisskrifstofu og aðstoðarmaður ráðherra.



- Fundur ráðuneytisstjóra, Stokkhólmi, 21.–22. október 2013: Ráðuneytisstjóri.
- Fundur varnarmálaráðherra, Helsinki, 4. desember 2013: Ráðuneytisstjóri, sótti fund f.h. ráðherra auk sérfræðings á alþjóða- og öryggisskrifstofu.

2. Er til yfirlit eða aðgengilegar upplýsingar um það hvernig fulltrúar Íslands á fyrrgreindum samkomum hafa greitt atkvæði?

**1. Sameinuðu þjóðirnar.**

Um 300 ályktanir eru samþykktar á hverju ári á vettvangi allsherjarþingsins og nefnda þess. Stór hluti af þessum ályktunum er samþykktur samhljóða en stundum er farið fram á atkvæðagreiðslu. Í slíkum tilfellum greiðir fulltrúi Íslands atkvæði að höfðu samráði og samkvæmt fyrirmælum frá utanríkisráðuneytinu.

Í listunum hér á eftir gefur að líta niðurstöður úr atkvæðagreiðslum á seinni hluta 67. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 1. janúar til 17. september 2013 og á fyrri hluta 68. allsherjarþingsins frá 17. september til 31. desember 2013.

Þeim mikla fjölda ályktana allsherjarþingsins og nefnda þess sem afgreiddur er án atkvæðagreiðslu er gerð skil í viðaukum I-VII.

**a. Ályktanir allsherjarþingsins.**

Þar sem atkvæðagreiðsla fór fram er eftirfarandi uppsetning notuð til að skýra afstöðu ríkja:

00-00-00 ☺ ☹ ☹

Fyrsta talan segir til um hversu mörg ríki greiddu atkvæði með ályktuninni, talan í miðjunni segir til um hversu mörg ríki greiddu atkvæði gegn og þriðja talan hversu mörg ríki sátu hjá. Broskarlinn endurspeglar afstöðu Íslands. Tekið er fram hvernig líkt þenkjandi ríki hafa greitt atkvæði þar sem það á við.

Nr.	Ályktun	Atkvæði
67/268	Staða vegalauss fólks innan eigin lands og flóttamanna frá Abkasíu, Georgíu og Tskhinvali-héraði/Suður-Ossetíu, Georgíu (Status of internally displaced persons and refugees from Abkhazia, Georgia, and the Tskhinvali region/South Ossetia, Georgia)	62-16-84 ☺ ESB (26), Noregur, BNA ☺ Kýpur ☹
67/262	Ástand mála í Sírlenska arabalýðveldinu (The situation in the Syrian Arab Republic)	107-12-59 ☺ ESB (27), BNA, Noregur ☺
68/70	Höfin og hafréttur (Oceans and the law of the sea)	Ísl. meðfl. 115-1-2 ☺ ESB (22), BNA, Noregur ☺
68/17	Hinar sírlensku Gólan-hæðir (The Syrian Golan)	112-6-58 ☺ ESB (27), Noregur ☺ ESB (1) ☺ BNA ☹
68/16	Jerúsalem (Jerusalem)	162-6-8 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☹
68/15	Friðsamleg lausn Palestínamálsins (Peaceful settlement of the question of Palestine)	165-6-6 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☹

68/14	Sérstök upplýsingaáætlun um málefni Palestínu hjá upplýsingadeild skrifstofu Sameinuðu þjóðanna (Special information programme on the question of Palestine of the Department of Public Information of the Secretariat)	163-7-7 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/13	Sérdeild um réttindi Palestínnumanna innan skrifstofu Sameinuðu þjóðanna (Division for Palestinian Rights of the Secretariat)	108-7-59 ☺ ESB (26), Noregur ☺ ESB (2) ☺ BNA ☺
68/12	Nefnd um framkvæmd óafsalanlegra réttinda palestínsku þjóðarinnar (Committee on the Exercise of the Inalienable Rights of the Palestinian People)	110-7-56 ☺ ESB (2) ☺ ESB (26), Noregur ☺ BNA ☺
68/8	Nauðsyn þess að binda endi á efnahags-, viðskipta- og fjármagnsþvinganir Bandaríkja Norður-Ameríku gegn Kúbu (Necessity of ending the economic, commercial and financial embargo imposed by the United States of America against Cuba)	Ekki meðfl. 188-2-3 ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺

### b. Ályktanir 1. nefndar.

Nr.	Ályktun	Atkvæði
68/68	Samningur um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn (Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty)	Ísl. meðfl. 181-1-3 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Inngangsgrein 6 178-1-4 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/65	Hættan á úbreiðslu kjarnavopna í Mið-Austurlöndum (The risk of nuclear proliferation in the Middle East)	169-5-6 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺ Inngangsgrein 5: 173-2-2 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Inngangsgrein 6: 173-2-2 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/58	Samningur um bann við notkun kjarnavopna (Convention on the Prohibition of the Use of Nuclear Weapons)	126-49-9 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/56	Takmörkun hefðbundinna vopna innan svæða og undirsvæða (Conventional arms control at the regional and subregional levels)	182-1-2 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 2 145-2-35 ☺ ESB (22), Noregur ☺ ESB (6) Austurríki/Belgía/Ítalía/ Lúxemborg/ Slóvenía/Rúmenía, BNA ☺

68/51	Sameiginlegt áttak til að útrýma kjarnavopnum (United action towards the total elimination of nuclear weapons)	Ísl. meðfl. 169-1-14 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 2 176-3-3 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 8 178-1-3 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 9 173-3-7 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 17 174-1-7 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/47	Takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar (Nuclear disarmament)	122-44-17 ☺ ESB (24), Noregur, BNA ☺ ESB (4) Austurríki/Írland/Malta/ Svíþjóð ☺ Grein 16 176-2-4 ☺ ESB (27), Noregur ☺ ESB (1) Frakkland/ BNA ☺
68/46	Áframhald fjölþjóðlegra samningaviðræðna um að takmarka kjarnorkuvígbúnað (Taking forward multilateral nuclear disarmament negotiations)	Ísl. meðfl. 158-4-20 ☺ ESB (16), Noregur ☺ ESB (2) Frakkland/Bretland, BNA ☺ ESB (9) Tékkland/Grikkland/ Ungverjaland/Ítalía/Lettland/ Litháen/Pólland/ Rúmenía/Spánn ☺
68/44	Innlend löggjöf um milliríkjaflutninga vopna, hergagna, og vara og tækni með tvíþætt notagildi (National legislation on transfer of arms, military equipment and dual-use goods and technology)	177-0-4 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Inngangsgrein 7 162-0-17 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Inngangsgrein 8 162-0-14 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 1 162-0-13 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺

68/43	Gagnsæi hervæðingar (Transparency in armaments)	Ísl. meðfl. 154-0-28 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Inngangsgrein 6 142-0-36 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Inngangsgrein 7 143-0-36 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 3 150-0-30 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 4 156-0-25 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 5 153-0-26 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 6a 155-0-27 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 6b 155-0-26 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 6 153-0-28 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ Grein 8 158-0-24 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/42	Eftirfylgni ráðgefandi álits Alþjóðadómstólsins um lögmæti þess að hóta að beita eða beita kjarnavopnum (Follow-up to the advisory opinion of the International Court of Justice on the legality of the threat or use of nuclear weapons)	133-24-25 ☺ ESB (4) Kýpur/Króatía/Finnland/ Rúmenía, Noregur ☺ ESB (3) Írland/Malta/ Svíþjóð ☺ ESB (20), BNA ☺
68/40	Aðgerðir til að draga úr hættu af kjarnorku (Reducing nuclear danger)	125-50-10 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/39	Áætlun um kjarnavopnalausán heim: hröðun framkvæmdar skuldbindinga þess efnis að takmarka kjarnorkuvígðunað (Towards a nuclear-weapon-free world: accelerating the implementation of nuclear disarmament commitments)	171-7-5 ☺ ESB (26), Noregur ☺ ESB (2) Bretland/Frakkland, BNA ☺ Grein 9 168-5-3 ☺ ESB (26), Noregur ☺ ESB (2) Bretland/Frakkland ☺ BNA ☺ Grein 11 172-4-4 ☺ ESB (26), Noregur ☺ ESB (2) Bretland/Frakkland ☺ BNA ☺

68/38	Efling fjölþjóðlegs samstarfs á sviði afvopnunar og heftingar útbreiðslu geryðingarvopna (Promotion of multilateralism in the area of disarmament and non-proliferation)	127-5-52 ☹ ESB (27), Noregur ☹ ESB (1) Bretland, BNA ☹
68/35	Eftirfylgni skuldbindinga þess efnis að takmarka kjarnorkuvígbúnað sem var samþykkt á endurskoðunarráðstefnum aðildarríkja samningsins um að dreifa ekki kjarnavopnum (NPT) árin 1995, 2000 og 2010 (Follow-up to nuclear disarmament obligations agreed to at the 1995, 2000 and 2010 Review Conferences of the Parties to the Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons)	120-53-9 ☹ ESB (28), Noregur, BNA ☹ Inngangsgrein 6 124-5-50 ☹ ESB (28), Noregur ☹ BNA ☹ Inngangsgrein 9 125-5-47 ☹ ESB (26), Noregur ☹ ESB (2) Bretland/Frakkland, BNA ☹
68/32	Eftirfylgni fundar allsherjarþingsins 2013 um takmörkun kjarnorkuvígbúnaðar (Follow-up to the 2013 high-level meeting of the General Assembly on nuclear disarmament)	137-28-20 ☹ ESB (3) ☹ ESB (7), Noregur ☹ ESB (18), BNA ☹
68/31	Vopnasölusamningurinn (The Arms Trade Treaty)	152-0-29 ☹ ESB (28), Noregur, BNA ☹ Grein 1 153-0-28 ☹ ESB (28), Noregur, BNA ☹ Grein 3 153-0-29 ☹ ESB (28), Noregur, BNA ☹
68/30	Framkvæmd jarðsprengjusamningsins (APLC) (Implementation of the Convention on the Prohibition of the Use, Stockpiling, Production and Transfer of Anti-personnel Mines and on Their Destruction)	165-0-19 ☹ ESB (28), Noregur ☹ BNA ☹
68/29	Aðgerðir gegn vopnakapphlaupi í útgeiminum (Prevention of an arms race in outer space)	180-0-2 ☹ ESB (28), Noregur ☹ BNA ☹
68/28	Niðurstöður alþjóðlegra aðgerða til að draga úr ógn sem kjarnavopnalausum ríkjum stafar af beitingu kjarnavopna (Conclusion of effective international arrangements to assure non-nuclear-weapon States against the use or threat of use of nuclear weapons)	127-0-57 ☹ ESB (28), Noregur, BNA ☹
68/24	Framkvæmd yfirlýsingar um að lýsa Indlandshaf friðarsvæði (Implementation of the Declaration of the Indian Ocean as a Zone of Peace)	130-4-45 ☹ ESB (26), Noregur ☹ ESB (2) Bretland/Frakkland, BNA ☹

### c. Ályktanir 2. nefndar.

Nr.	Ályktun	Atkvæði
68/235	Varanlegt fullveldi palestínsku þjóðarinnar yfir náttúruauðlindum á hernumdum palestínskum svæðum, þ.m.t. Austur-Jerúsalem, og Araba búsettum í hernumdum Gólan-hæðum Sírlands (Permanent sovereignty of the Palestinian people in the Occupied Palestinian Territory, including East Jerusalem, and of the Arab population in the occupied Syrian Golan over their natural resources)	168-6-9 ☹ ESB (28), Noregur ☹ BNA ☹
68/209	Landbúnaðartækni í þróunarsamvinnu (Agricultural technology for development)	Ísl. meðfl. 144-1-34 ☹ ESB (28), Noregur, BNA ☹

68/206	Olíumengun við strendur Líbanon (Oil slick on Lebanese shores)	169-6-4 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/200	Einhlíða efnahagsaðgerðir sem aðferð til að beita þróunarríki pólitískum og efnahagslegum þrýstingi (Unilateral economic measures as a means of political and economic coercion against developing countries)	127-2-50 ☺ ESB (27), Noregur ☺ BNA ☺

#### d. Ályktanir 3. nefndar.

Nr.	Ályktun	Atkvæði
68/241	Miðstöð Sameinuðu þjóðanna sem annast þjálfun í mannréttindamálum og upplýsingmiðlun í Suð-vestur Asíu og í Arabalöndum (The United Nations human rights training and documentation centre for South-West Asia and the Arab region)	132-1-1 <sup>1</sup> ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/184	Staða mannréttinda í Íslamska lýðveldinu Íran (Situation of human rights in the Islamic Republic of Iran)	Ísl. meðfl. 86-36-61 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/182	Staða mannréttinda í Sýrlenska arabalýðveldinu (Situation of human rights in the Syrian Arab Republic)	Ísl. meðfl. 127-13-47 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/175	Efling lýðræðis og réttlætis innan alþjóðasamféluginu (Promotion of a democratic and equitable international order)	132-52-6 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/168	Hnattvæðing og áhrif hennar á allsherjar framfylgd mannréttinda (Globalization and its impact on the full enjoyment of all human rights)	136-55-0 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/162	Mannréttindi og einhlíða þvingunaraðgerðir (Human rights and unilateral coercive measures)	135-55-0 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/161	Efling sanngjarnrar landfræðilegrar dreifingar viðvíkjandi aðild að stofnunum sem fjalla um mannréttinasáttmála (Promotion of equitable geographical distribution in the membership of the human rights treaty bodies)	135-54-1 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/159	Mannréttindi og fjölmening (Human rights and cultural diversity)	136-54-0 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/158	Réttur til þróunarsamvinnu (Right to Development)	158-4-28 ☺ ESB (11) Austurríki, Kýpur, Frakkland, Grikkland, Írland, Ítalía Lúxemborg, Malta, Portúgal, Slóvenía, Spánn ☺ ESB (16) Belgía, Búlgaría, Króatía Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Þýskaland, Ungverjaland, Lettland, Litháen, Holland, Pólland, Rúmenía, Slóvakía, Svíþjóð og Noregur ☺ ESB (1) Bretland, BNA ☺
68/154	Sjálfstjórnunarréttur Palestínúmanna (The right of the Palestinian people to self-determination)	Ísl. meðfl. 178-7-4 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺

<sup>1</sup> Þýskaland, Belgía og Portúgal voru ekki við afgreiðslu í allsherjarþinginu en greiddu atkvæði með ályktuninni í 3. nefnd.

68/152	Málaliðar, mannréttindabrot og skorður við sjálfsákvörðunarrétti (Use of mercenaries as a means of violating human rights and impeding the exercise of the right of peoples to self-determination)	128-55-8 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/151	Hnattrænar aðgerðir til að uppræta kynþáttahyggju, mismunun á grundvelli kynþátta, kynþáttahatur og tengd mál (Global efforts for the total elimination of racism, racial discrimination, xenophobia and related intolerance)	134-11-46 ☺ ESB (24), Noregur ☺ ESB (4) Tékkland, Frakkland, Þýskaland, Bretland, BNA ☺
68/150	Aðgerðir til að stemma stigu við upphafningu nasisma og annarrar hegðunar sem ýtir undir kynþáttahyggju, mismunun á grundvelli kynþátta, kynþáttahatur samtímans og tengd mál (Combating glorification of Nazism and other practices that contribute to fuelling contemporary forms of racism, racial discrimination, xenophobia and related intolerance)	135-4-51 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/144	Skýrsla mannréttindaráðsins (Report of the Human Rights Council)	Breytingartillaga 80 - 83 - 18 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺ 94 - 71 - 23 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺

#### e. Ályktanir 4. nefndar.

Nr.	Ályktun	Atkvæði
68/97	Framkvæmd yfirlýsingar um að veita nýlendum og íbúum þeirra sjálfstæði (Implementation of the Declaration on the Granting of Independence to Colonial Countries and Peoples)	178-3-1 ☺ ESB (26), Noregur ☺ ESB (1) Frakkland ☺ ESB (1) Bretland, BNA ☺
68/96	Upplýsingamiðlun um endalok nýlendutímans (Dissemination of information on decolonization)	178-3-1 ☺ ESB (26), Noregur ☺ ESB (1) Frakkland ☺ ESB (1) Bretland, BNA ☺
68/89	Framkvæmd yfirlýsingar um að veita nýlendum og þjóðum þeirra sjálfstæði af hálfu undirstofnana alþjóðasamtaka sem tengjast Sameinuðu þjóðunum (Implementation of the Declaration on the Granting of Independence to Colonial Countries and Peoples by the specialized agencies and the international institutions associated with the United Nations)	128-0-55 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺
68/88	Starfsemi á sviði efnahagsmála og önnur starfsemi sem hafa áhrif á hagsmuni þjóða á landsvæðum sem hafa ekki sjálfstjórn (Economic and other activities which affect the interests of the peoples of the Non-Self-Governing Territories)	180-2-2 ☺ ESB (26), Noregur ☺ ESB (2) Frakkland/Bretland ☺ BNA ☺
68/87	Upplýsingagjöf frá landsvæðum sem hafa ekki sjálfstjórn samkvæmt e-lið 73. gr. stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna (Information from Non-Self-Governing Territories transmitted under Article 73 e of the Charter of the United Nations)	179-0-4 J ESB (2) Frakkland/ Bretland, BNA ☺
68/84	Hernumdar Gólan-hæðir Sírylands (The occupied Syrian Golan)	169-1-12 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/83	Aðgerðir Ísraels sem hafa áhrif á mannréttindi Palestínanna á hernumdu landsvæðunum Palestínu, þ.m.t. Austur-Jerúsalem (Israeli practices affecting the human rights of the Palestinian people in the Occupied Palestinian Territory, including East Jerusalem)	165-8-8 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺

68/82	Landnemabyggðir Ísraels á hernumdu svæðunum, þ.m.t. í Austur-Jerúsalem og í hernumdum Gólan-hæðum Sýrlands (Israeli settlements in the Occupied Palestinian Territory, including East Jerusalem, and the occupied Syrian Golan)	167-6-9 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/81	Gildissvið Genfarsáttmálans að því er varðar vernd almennra borgara á stríðstímum, frá 12. ágúst 1949, með tilliti til hins hernumda landsvæðis Palestínu, þ.m.t. Austur-Jerúsalem, og annarra hernumdra landsvæða Araba (Applicability of the Geneva Convention relative to the Protection of Civilian Persons in Time of War, of 12 August 1949, to the Occupied Palestinian Territory, including East Jerusalem, and the other occupied Arab territories)	169-6-7 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/80	Störf sérnefndar um rannsókn á aðgerðum Ísraelsmanna sem hafa áhrif á mannréttindi Palestínanna og annarra Araba á hernumdu svæðunum (Work of the Special Committee to Investigate Israeli Practices Affecting the Human Rights of the Palestinian People and Other Arabs of the Occupied Territories)	95-8-75 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/79	Eigur og tekjur palestínskra flóttamanna (Palestine refugees' properties and their revenues)	Ísl. meðfl. 172-6-5 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/78	Starfsemi UNRWA (Operations of the United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East)	170-6-6 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/77	Vegalaust fólk í kjölfar hernaðarátakanna í júní 1967 og síðari hernaðarátaka (Persons displaced as a result of the June 1967 and subsequent hostilities)	170-6-6 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺
68/76	Aðstoð við palestínska flóttamenn (Assistance to Palestine refugees)	Ísl. meðfl. 173-1-8 ☺ ESB (28), Noregur ☺ BNA ☺

#### Ályktanir 5. nefndar.

Nr.	Ályktun	Atkvæði
67/279	Fjármögnun tímabundinnar eftirlitssveitar Sameinuðu þjóðanna í Líbanon (Financing of the United Nations Interim Force in Lebanon)	26 - 3 - 0 ☺ ESB (27), Noregur ☺ BNA ☺ Greinar: PP 4, OP 4, 5 & 13: 80 - 3 - 46 ☺ ESB (25), Noregur ☺, BNA ☺
68/247	Sérliðir tengdir fjárhagsáætlun aðgerða fyrir tímabilið 2014–2015 (Special subjects relating to the proposed programme budget for the biennium 2014-2015)	Án atkvgr. Hluti VI 136-7-8 ☺ ESB (28), Noregur, BNA ☺



## **2. Undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna.**

### **a) Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna.**

Eins og vikið var að hér að framan greiðir Ísland sem áheyrnarfulltrúi að ráðinu ekki atkvæði við afgreiðslu mála innan ráðsins.

### **b) UNESCO.**

Kosningar eru leynilegar í UNESCO. Upplýsingum um hvernig Ísland greiddi atkvæði á vettvangi UNESCO hefur ekki verið safnað í eitt yfirlit eða þær varðveittar þannig að þær séu aðgengilegar á einum stað. Upplýsingar um þetta eru varðveittar á hverju máli um sig og er hægt að fletta upp þar eftir því sem tilefni er til.

### **c) Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).**

Velferðarráðherra gerir grein atkvæðagreiðslum í reglulegri skýrslugjöf til Alþingis (sjá síðustu skýrslu <http://www.althingi.is/alttext/141/s/pdf/1091.pdf>).

### **d) Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO).**

Ákvarðanir kalla á samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna og eru því ekki greidd atkvæði um mál.

### **e) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).**

Ákvarðanir kalla á samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna og eru því ekki greidd atkvæði um mál.

### **f) Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).**

Ákvarðanir kalla á samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna og eru því ekki greidd atkvæði um mál.

### **g) Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF).**

Ákvarðanir kalla á samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna og eru því ekki greidd atkvæði um mál.

### **h) Alþjóðafjarskiptabandið (ITU).**

Ákvarðanir kalla á samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna og eru því ekki greidd atkvæði um mál.

### **i) Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).**

Ákvarðanir kalla á samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna og eru því ekki greidd atkvæði um mál.

### **j) UNCTAD.**

Ákvarðanir kalla á samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna og eru því ekki greidd atkvæði um mál.

### **k) Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna (ECE).**

Ákvarðanir kalla á samhljóða samþykki allra aðildarríkjanna og eru því ekki greidd atkvæði um mál.

**l) FAO.**

Sterk hefð er fyrir því að aðildarríki FAO taki ákvarðanir samhljóða og forðist atkvæðagreiðslur. Helstu undantekningar frá þessu eru á aðalráðstefnu FAO þegar fleiri en eitt ríki eru í framboði til setu í FAO-ráðinu.

**m) WFP.**

Hjá framkvæmdastjórn WFP eru ákvarðanir teknar samhljóða.

**n) ICAO.**

Utanríkisráðuneytið býr ekki yfir upplýsingum um hvernig fulltrúar Íslands hafa greitt atkvæði.

**o) IMO.**

Utanríkisráðuneytið býr ekki yfir upplýsingum um hvernig fulltrúar Íslands hafa greitt atkvæði.

